

Góðir áheyrendur

Við höfum nú hlustað á framsögu Sigurjóns Þórðarsonar ráðgjafa um skýrsluna sem honum var falið að skrifa. Það má öllum vera ljóst að hún er ekki einungis um að flytja héraðsbókasafnið í Hjálmaklett, heldur einnig um að hætta að reka Safnahúsið við Bjarnarbraut. Engin þarfagreining hefur verið gerð og kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir. Við starfsfólk Safnahúss höfum orðið vör við að fólk er leitt og skilur ekki af hverju grípa þarf til slíkra ráðstafana á góðæristímum.

Söfnin voru stofnuð af íbúum héraðsins á sínum tíma. Fyrst voru þau undir byggðasamlagi en síðan 2007 í eigu Borgarbyggðar. Hér eru margir sem þekkja til starfseminnar, þó enginn af öðrum frummælendum hér geri það nema ég. Safnahús er í dag suðupottur menningar, þangað koma nemendur í fræðslu, ferðamenn til afþreyingar, brottfluttir íbúar, fræðimenn og síðast en ekki síst, íbúar svæðisins. Safnahús er mörgum sem annað heimili. Gjarnan er kíkt á sýningar þegar farið er á bókasafnið og skjölum skilað í leiðinni. Grunnsýningin Börn í 100 ár í hönnun Snorra Freys Hilmarssonar er endalaus uppspretta frásagnar og er nú skráð í erlendum ferðahandbókum sem sterk upplifun. Eins og ykkur er kannski kunnugt eru grunnsýningar safna byggðar til að endast í áratugi, síðan eru settar upp skammtímasýningar meðfram því.

Starfsemi Safnahúss hefur hlotið fjölda viðurkenninga, nú síðast veglega styrki frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Hún hefur notið velvilja og stuðnings í héraði og verið bæði þróttmikil og skapandi. Hún hefur gefið mikið af sér til menningarlífs og kynningar héraðsins með jákvæðum fréttum og innskotum í fjölmiðlum.

Að sveitarstjórn Borgarbyggðar standi nú að framlögðum tillögum segir okkur hins vegar að eitthvað hafi brugðist í tengingunni á milli okkar og hennar. Kannski höfum við brugðist í að upplýsa nóg og kannski hafa menn ekki kynnt sér málin nógu vel. Það skal tekið fram að við skipan nefndarinnar bauð ég mig fram til setu í henni, en því var vinsamlega hafnað. Er ég þó helsti sérfræðingur sveitarfélagsins í safnamálum og fannst að þarna ætti ég að vera.

En gott og vel, nefndin starfaði um nokkurra vikna skeið. Þegar hún lauk störfum kom svo í ljós að niðurstaðan var nákvæmlega sú sama og okkur var tilkynnt áður en þau hófust; að sveitarfélagið þyrfti að losa sig við Safnahúsið og þannig fækka fermetrum í rekstri sínum. Einmitt þessir fermetrar höfðu orðið fyrir valinu.

En ef húsið verður selt eða látið undir aðra starfsemi, hvað á þá að gera við safnkost og sýningar? Þær lausnir liggja ekki alveg fyrir. Lagt er til að starfsemin fari meira og minna í óbyggð og óinnréttuð hús, utan alfaraleiðar. Grunnsýningar

sem kostuðu tugi milljóna í byggingu verða rifnar, þar á meðal hverfa af sjónarsviðinu safngripir eins og baðstofan frá Úlfsstöðum.

Við þetta má bæta að það er mikill asi á málinu. Sumir segja að mál hafi ekki áður farið á slíkum hraða innan ráðhúss. Tímaáætlun gerði ráð fyrir að flutningi bókasafns ætti að vera lokið í júní, þá yrði opnað bókasafn og kaffihús hér, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn yrði þegar komin þangað í apríl. Ég veit ekki hvort tími vannst til að gera þarfagreiningu á breyttri staðsetningu upplýsingamiðstöðvarinnar. Í lok sumars á svo að halda áfram að tæma Safnahúsið. Það að þar er dagskrá skipulögð langt fram á árið 2019 virðist engin fyrirstaða. Um áhrif þessa á nemendur menntaskólans á miðju skólaári var heldur ekki rætt. Talað var vissulega við starfsfólk Safnahúss og Menntaskóla í ferlinu en skoðanir þeirra koma ekki fram í skýrslunni.

Menn hafa spurt: Er sú staða komin upp að íbúar í þessu héraði hafa ekki lengur efni á að eiga Safnahús?

Bent hefur verið á að almenningsbókasafn og skólabókasafn er ekki það sama. Það ætti að vera skólans hér að segja til um hvernig hann leysir þörfina fyrir bókasafn og hvort hann tekst fjárhagslega á við það. Á meðan menn halda sig við þá upprunalegu ákvörðun að ekki sé skólabókasafn í skólanum er í gildi samningur á milli MB og Safnahúss um þá þjónustu enda bara fimm mínútur á milli okkar. Í skýrslunni er hins vegar nefnt að á bókasafni sé gott að hafa ys og þys. Það er rétt bókasöfn eru nú menningarmiðstöðvar eins og er í Safnahúsi, sú er þróunin víða um heim. En nemendur þurfa næði. Þar passar ekki að ferðmenn og almenningur gangi hjá, það er innrás í þeirra heim og þeir eru hér til að læra.

Árið 2013 var sett upp sýning á fuglum í Safnahúsi í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vesturlands. Sýningin var byggð fyrir styrktarfé og það tók fimm ár að koma henni upp. Lagt er nú til að flytja hana að Hvanneyri til að styrkja upprennandi gestastofu. Þarna gætir vanþekkingar því nóg er til af öðrum fuglum í geymslum náttúrugripasafnsins til að lána þangað. Uppbygging á Hvanneyri er okkur öllum ánægjuefni en það þarf ekki að rífa eitthvað niður til að hún eigi sér stað. Slíkt ýtir líka frekar undir sundrunu og jafnvel fara menn að setja þetta í samhengi við hrepparíg og raðast í fylkingar um örlög Safnahúss eftir því hvar þeir búa.

Í skýrslunni er sagt að listsýningar geti farið fram hér í Hjálmakletti. Ýmsilegt mælir á móti því og listamenn í héraði hafa mótmælt. Svo þarf auka vöktun á allt saman sem eykur rekstrarkostnað. Við berum djúpa virðingu fyrir minningu Hallsteins Sveinssonar sem gaf æviverk sitt til Borgnesinga á sínum tíma í formi Listasafns

Borgarness. Safnið hefur sterka sérstöðu, þar er dýrgripi að finna frá merku tímabili íslenskrar myndlistar. Síðast var sýnt úr safninu árið 2013 og ný sýning er fyrirhuguð árið 2019.

Lagt er einnig til að byggt verði varðveislusetur í Borgarnesi, fyrir safngripi af Vesturlandi og jafnvel Vestfjörðum. Niðurstaðan í umræðu um þetta í gegnum árin hefur verið að slíkt sé ekki tímabært og verði það ekki á næstunni. Staðreyndin er sú að menn vilja ekki senda minjar burt úr héraði. Borgfirðingar og nærsveitarmenn vilja held ég ekki sjá safngripi sína flutta til Ísafjarðar. Þau hús sem nýta á til verkefnisins hér í Borgarnesi eru heldur ekki til, safnkostur Safnahúss einn gerir meira en að fylla allt húsnæði sem fyrir hendi er í sameiginlegu húsnæði þess og slökkviliðsins á Sólbakka. Þá þarf að byggja nýja aðstöðu yfir slökkviliðið auk þess að taka þátt í dýru samstarfi um varðveisluhús þar sem fyllstu kröfur verða gerðar. Ný slökkvistöð getur varla kostað minna en 200 milljónir króna og aukast þá aftur fermetrarnir í eigu sveitarfélagsins.

Nefnt hefur verið að gott væri að fá bókasafnið meira miðsvæðis í Borgarnesi. Mikið er leitt ef menn trúa ekki á gamla miðbæinn hér lengur. Þar er einmitt að spretta upp ný ferðaþjónustutengd starfsemi og þar er þegar starfsemi sem dregur að sér um 100.000 manns á ári. Þar er fjölbreytt val á gistingu og söfnin eru mikilvæg afþreying fyrir þá gesti. Kaffihús eru þar í það minnsta fimm. Hér áður fyrr var alltaf talað um að reyna að ná umferð ferðamanna af sjoppusvæðinu og niður í bæ. Nú virðist markmiðið vera að fjarlægja þá þaðan aftur. Hér er Lonely Planet ekki sammála:

„Unassuming Borgarnes has got it going on ... Zip past the busy petrol stations and go into the old quarter to encounter the fun small-town vibe and one of Iceland's best museums.“

Ef menn vilja sjá bókakaffi í Borgarnesi er það vel þótt manni fyndist einhvern veginn að slíkt frumkvæði ætti frekar að koma frá einkaaðilum. En á almenningsbókasafni þarf hins vegar að vera gott úrval bóka í góðu plássi. Oft hef ég dáðst að því hversu víðlesíð fólk í héraðinu er og hversu fjölbreyttan bókakost það notfærir sér. Þess utan þjónar bókasafnið tveimur háskólum auk menntaskólans. Samstarf þess við byggðasafn og skjalasafn hefur verið gríðarlega mikið, svo við tölum ekki um samnýtingu starfsfólks. Safnahús er fyrir utan laun og innri leigu rekið fyrir um 7 milljónir króna á ári. Samt hefur það skilað frjóu starfi og þykir öðrum sveitarfélögum það til eftirbreytni. Húsið skilar miklu fyrir sveitarfélagið í heimsóknum gesta og þeirri jákvæðu kynningu sem héraðið hefur notið vegna starfseminnar. Óbein áhrif menningarstarfsemi verður líka að hafa með í excel skjalinu, þau eru líka peningar.

Breytingar eru af hinu góða séu þær vel ígrundaðar. Þegar unnið er með starfsemi mennta- og menningarstofnana ber að hlusta á raddir þeirra sem best þekkja til. Lagt hefur verið upp úr að nýta hvern fermetra í Safnahúsi til sýninga í anda menningarstefnu Borgarbyggðar þar sem áhersla er lögð á miðlun. Framlagt nefndarálit felur hins vegar í sér skerðingu á sýningarrými byggðasafnsins svo skiptir hundruðum fermetra. Aðal sýningarsvæði þess á að vera á 160 fermetrum í Grímshúsi í Brákarey. Grímshús á sér hins vegar stjórn áhugamanna um útgerðarsögu Borgarness og hafa þeir aflað styrkja til endurgerðar hússins með það í huga að þar verði grunnsýning um útgerðina. Markmið þeirra hafa verið skýr og fyrir liggja teikningar um sýningu í samvinnu við Safnahús. Ekkert kemur fram um þetta í skýrslunni enda var ekkert rætt við stjórn félagsins.

Í Borgarnesi eru tíu til tólf veitingastaðir. Hversu brýnt er að sveitarfélagið hlutist til um að opnaður sé einn til viðbótar? Þegar lagt er af stað í slíka vegferð þarf líka að gera sér glögga grein fyrir fórnarkostnaðinum. Breytingar mega ekki verða menningarslys.

Með því að dreifa rekstri safnanna verður hann mun dýrari, flutningar og niðurrif kosta stórfé auk þess sem hagnaður af sölu Safnahúss ést upp af hönnun, nýjum innréttingum og byggingum. Nú þegar hafa drjúgir peningar farið í þessa vinnu.

Ég er búin að vera forstöðumaður borgfirsku safnanna í ellefu ár og aldrei hvarflaði að mér að ég þyrfti einhverntíma að standa í þeim sporum að þurfa að hamra á gildi þeirra við sjálfa eigendurna. Safnkosti héraðsins þarf að miðla og hann er í eigu okkar allra. Ég bið núverandi og væntanlega fulltrúa okkar í sveitarstórn að hlusta á starfsfólk og nemendur menntaskólans, Safnahús og gesti þess. Takið söfnin úr langvarandi fjársvelti og verið stolt af þeim. Við leggjum til að Safnahúsi verði gefið meira fé, bókasafnið fái að hafa opið fyrir hádegið og á laugardögum og opnunartími sýninga verði lengdur úr bara fjórum tímum á dag.

Það er dapurlegt ef menn vilja að starfsemi eins og bókasafn hverfi úr Safnahúsi þar sem fólk upplifir sögu og menningu um leið og það nálgast bók. Sjálf get ég ekki hugsað mér að horfa upp á þetta menningarhús tæmt og selt. Nei, komum frekar með nýjar hugmyndir um auknar tekjur á móti því sem Hjálmaklettur kostar og kvartað er undan. Menn hafa t.d. nefnt að flytja starfsemi ráðhússins hingað, gott fé fengist þá fyrir ráðhúsið. Og væri hægt að nýta „svartrými“ Hjálmakletts undir geymslur? Þau eru nú þegar nýtt undir muni úr Latabæ – hvaða tekjum skilar það á mánuði, er það ekki eitthvað í kassann?

Ég virði það að hér er haldinn kynningar – og upplýsingafundur, það orðalag vekur vonir um að fyrirliggjandi tillögur séu ekki gefin niðurstaða. Og finnst einhverjum að byggðasöfn séu ekki hipp og kúl bendi ég á að það er misskilningur. Það er alltaf viss prósentu ferðamanna sem vill sjá eitthvað ekta og upprunalegt, raunverulegar minjar um líf fólks. Borgarnes hefur síðustu ár breyst í fjölsóttan ferðamannastað og íbúar eiga allir þangað leið.

Við þurfum að standa saman um að muna eftir fólkinu sem var. Hugsa um hagsmuni menntaskólans. Örva og hlú að mannlífi. Það er betri kostur en að fara í aðgerðir sem koma niður á öllum þremur einkunnarorðum sveitarfélagsins: *menntun, sögu og menningu*. Látum ekki Hjálmaklett verða að minnismarki um horfin söfn.

Góðir áheyrendur - Við viljum taka vel á móti ferðamönnum, en á grundvelli okkar gilda. Ferðamenn vilja heimsækja samfélag sem er meðvitað um sögu sína.

Það er vandasamt að verja sjötíu ára menningarstarf á 15 mínútum. Ég bið sveitarstjórnarmenn um að taka orð mín ekki óstinnt upp enda eru þeir flestir líka að kynna sér þá framtíðarsýn sem hér liggur fyrir. Við erum samherjar og Menntaskóli Borgarfjarðar og Safnahús Borgarfjarðar eru stofnanir sem skipta héraðið gríðarlegu máli. Tökum þær ekki sem sjálfsagðan hlut; förum gætilega með slík fjöregg byggðar.

Að sinna ekki sögu sinni er það sama og að týna sjálfum sér. Söfnin eru hluti af því að hér er gott að búa. Þar fræðumst við um gengnar kynslóðir. Sem opinber aðili er sveitarstjórn varðmaður slíkrar starfsemi. Það er skylda hennar að tryggja aðgang almennings að fjölbreyttum safnkosti.

Ef við jaðarsetjum okkar eigin byggðasögu gröfum við henni gröf sem hún kemur ekki upp úr aftur. Þekking týnist og miðlun skerðist. Það viljum við ekki, saga okkar þarf að vera sýnilegur þátttakandi í nútímanum.